

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



Dags eftirlits	28.11.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Rio Tinto Alcan Straumsvík	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gyða Ósk Bergsdóttir	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna eftirlit hjá Rio Tinto á Íslandi, engin frávik komu fram en ein athugasemd er gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var byrjað á fundi. Farið var yfir ársfjórðungsskýrslur og niðurstöður ræddar. Sumarstarfsmenn komu fyrr inn í sumar og byrjaði þjálfun fyrr en hærrí opnunartími verður alla jafna á þekjum yfir sumartíma sem veldur meiri mengun. Myndavélakerfi hefur verið sett upp til að vakta ástæðu fyrir opnunum.

Farið var yfir stöðvanir á þurrhreinistöðvum en háspennustrengur olli vandræðum í sumar. Ein stöðvun var í febrúar þegar áltökubíll saug undan kerri en endurræsing blásara dróst vegna galla í samskiptabúnaði móttorfofa en búið er að skipta um og endurforrita stýrikort fyrir rofana. Þann 19. júní varð bilun í jarðstreng sem olli stöðvun og þann 26. júní stöðvuðu þurrhreinistöðvar 1 og 3 vegna rafspennis sem brann. Áframhaldandi vinna stendur nú yfir í sjálfvirkum gangsetningum.

Rætt var um gangsetningu kerja en hvert ker er í gangi um 5-6 ár og eru um 80-100 ker gangsett á hverju ári. Á þessi ári hefur verið gangsett 105 ker og af þeim láku 16 ker en restin tekin út skv. skipulagi. Breyting hefur orðið á viðbrögðum vegna kerleka en í stað þess að vakt í kerskála sjái um að skammtengja ker sem lekur er vakt kerfóðrunar fengin í verkið.

Farið var yfir vatnsmál, rotþræ og olíumál á svæðinu. Mánaðarlega eru olíugildir tæmdar og er mælt fyrir hvenær er þörf til þess. Samtals eru 13 olíugildir á verksmiðjussvæðinu en sýni er tekin við sýnatökubrunna. Seyra er geymd í sandtönkum en móttökuaðili kemur nokkrum sinnum á ári og fjarlægir úr tönkunum.

Farið var yfir geymslu á hráefnum. Sér geymslur eru fyrir íblöndunarefni og kerviðgerðarefni og olíu og rekstrarvörur. Álflúoríð er geymt í gámum á plani. Svartolíu er dælt í land um 250 tonn á mánuði og geymt í tönkum á svæðinu en tveir af fjórum ofnum í steypuskálanum eru keyrðir á svartolíu. Í hafnargeymslu eru svo geymd um 20-30% af rafskautum en megnið er geymt í skautsmiðju. Kerfóðrunarefni er geymt í kersmiðju. Argon og köfnunarefni eru geymd í stórum tönkum en ýmiss iðnaðargös eru geymd í litlum hylkjum. Af öðrum gösum þá er SF6 á rofabúnaði og HFC kælimiðlar fyrir farartæki og eldhús.

Rætt voru skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi og jafnframt var skoðað atvikaskráningakerfi rekstraraðila og sér atvik skoðuð. Allir starfsmenn geta skráð HSE atvik og góð skipulagning virtist á úrvinnslu atvika og eftirfylgni.

Að lokum var farið í skoðunarferð um svæðið en farið var sérstaklega yfir geymslu hráefna og úrgangs. Í lok ferðarinnar var farið í skautsmiðju en engin vinnsla var þar í gangi þar sem skipulagt viðhaldsstopp átti sér stað. Snyrtilegt var um að litast og ekki tilefni til athugasemda.

ATHUGASEMDIR

Rekstraraðili gerði grein fyrir því að ryk hefði verið vanmetið í þurrhreinistöð 2 eftir að niðurstöður kvörðunar mælingaaðila lágu fyrir. Frekari upplýsingar fengust eftir eftirlitið en stuðlum hefur nú verið breytt til samrýmis við nýjustu kvörðun og mælist ryk þar nú um 6-5 mg/Nm³ í stað 2 mg/Nm³. Atvikið hefur verið skráð í atvikaskráningu og unnið er að úrbótum á ferlinu.

ANNAÐ


Rætt var einnig um löndun súrals en þær upplýsingar fengust eftir fund að löndun súrals er stöðvuð þegar stöðugur

vindur nær yfir 20 m/s.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.01.2018



Einar Halldórsson